



27. desember 2024

Niðurstaða athugunar á skilyrðum fyrir starfsleyfi Glyms hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á skilyrðum fyrir starfsleyfi Glyms hf. (hér eftir félagið) samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða með bréfi, dags. 4. júlí 2024. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í nóvember 2024.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðstæður fyrir afturköllun á starfsleyfi væru til staðar í kjölfar skipulagsbreytinga og flutningi á sérhæfðum sjóðum félagsins til annars rekstraraðila innan samstæðu þess. Þær aðstæður sem athugun fjármálaeftirlitsins laut einkum að voru skylda félagsins til að stunda þá starfsemi sem starfsleyfi þess tekur til og hvort skilyrðum sem voru til grundvallar veitingu starfsleyfis, þ.m.t. um lágmarkskröfur eiginfjárgrunns, væri fullnægt. Þá kom til skoðunar hvort félagið hefði tilkynnt fjármálaeftirlitinu um verulegar breytingar á aðstæðum eða starfsleyfi til samræmis við áskilnað laga nr. 45/2020.

Félagið gerði ráðstafanir til úrbóta sem fólust í því að eiginfjárgrunni félagsins var komið í lögbundið horf til samræmis við lágmarkskröfur laga nr. 45/2020. Þá stofnaði félagið sérhæfðan sjóð og óskaði eftir markaðssetningarheimild fyrir sjóðinn. Enn fremur var hugað að mönnun rekstraraðilans þannig að áskilnaður laga nr. 45/2020 um getu og þekkingu til að sinna starfsemi rekstraraðila væri uppfylltur.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem athugun fjármálaeftirlitsins grundvallaðist á var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að í kjölfar úrbóta félagsins hafi aðstæður ekki lengur verið til staðar hjá rekstraraðilanum sem séu grundvöllur fyrir afturköllun á starfsleyfi. Þá komst fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að félagið hefði brotið gegn ákvæði 1. mgr. 17. gr. laga nr. 45/2020 með því að tilkynna fjármálaeftirlitinu ekki um að eiginfjárgrunnur félagsins væri undir lögbundnum lágmarkskröfum skv. 2. mgr. 15. gr. laganna. Einnig að tilkynning félagsins um fyrirhugaðar verulegar breytingar á starfsemi áður en það gekk til samninga við þriðja aðila um kaup á félaginu hafi ekki uppfyllt áskilnað 1. mgr. 17. gr. laganna. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs og hvort um ítrekuð brot væri að ræða.

Nýir eigendur hafa tekið við rekstri Glyms hf., en þeir voru metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut í félaginu 29. nóvember sl.